

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur um samskipti við hagsmunaverði og skráningu þeirra.

1. *Hafa öll samskipti ráðherra og ráðuneytisins við hagsmunaverði frá 1. janúar 2021 verið skráð eins og kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands, nr. 64/2020?*

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands, nr. 64/2020, er stjórnvöldum skylt að skrá upplýsingar um samskipti þeirra og hagsmunavarða í samræmi við ákvæði upplýsingalaga, laga um opinber skjalasöfn og laga um Stjórnarráð Íslands. Upplýsingar um aðkomu hagsmunavarða og annarra einkaaðila að samningu stjórnarfrumvarpa skal tilgreina í greinargerð með þeim.

Í skýringum við ákvæði 2. mgr. 4. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 64/2020 segir eftirfarandi:

„Í 2. mgr. 27. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, kemur fram að stjórnvöld skulu gæta þess að haldið sé til haga mikilvægum upplýsingum, m.a. um samskipti við almenning og önnur stjórnvöld, svo sem með skráningu fundargerða eða minnisblaða. Í lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, kemur enn fremur fram að afhendingarskyldum aðilum samkvæmt lögum um sé skylt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg í samræmi við reglur sem Þjóðskjalasafni Íslands er falið að setja. Hvað Stjórnarráð Íslands varðar leiðir af 11. gr. laga nr. 115/2011 að ráðuneytum í Stjórnarráði Íslands er skylt að færa skrá um formleg samskipti og fundi, sem og óformleg samskipti ef þau teljast mikilvæg, milli ráðuneytanna sem og við aðila utan þess. Á grundvelli ákvæðisins hafa verið settar reglur um skráningu samskipta í Stjórnarráði Íslands, sbr. reglur nr. 320/2016, en þar segir að með óformlegum samskiptum sé átt við munnleg samskipti, þar á meðal símtöl og fundi, þar sem lýst er afstöðu eða veittar upplýsingar sem teljist hafa þýðingu fyrir mál sem er til meðferðar í ráðuneyti eða teljist mikilvægar upplýsingar vegna málefna sem heyra undir ráðuneytið, enda komi afstaðan ekki fram í öðrum skráðum gögnum. Skrá skuli hvenær samskiptin fóru fram, milli hverra og efni upplýsinga sem um ræðir. Loks er að finna það nýmæli í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 64/2020 að upplýsingar um aðkomu hagsmunavarða og annarra einkaaðila að samningu stjórnarfrumvarpa skuli tilgreina í greinargerð með þeim. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hversu oft hugmyndir að stjórnarfrumvörpum eiga rætur að rekja til erinda eða beiðna utan ráðuneytis sem ber ábyrgð á viðkomandi málaflokki en telja verður eðlilegt að þingheimur og almenningur geti nálgast upplýsingar um slíkt. Á sama hátt er eðlilegt að upplýsingar um aðra aðkomu aðila utan Stjórnarráðsins að gerð lagafrumvarpa, svo sem aðstoð við samningu, gagnafloflun o.s.frv., liggi fyrir og sé hægt að ráða af greinargerð með frumvarpinu sjálfu.“

Í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 64/2020 er hugtakið hagsmunavörður (e. lobbyists) skilgreint. Með hugtakinu er átt við einstaklinga sem tala máli einkaaðila gagnvart stjórnvöldum og leitast við að hafa áhrif á störf þeirra í atvinnuskyni. Með því að afmarka hugtakið við einstaklinga eru ýmis félagasamtök og fyrirtæki, sem í daglegu tali eru nefnd hagsmunasamtök, strangt

til tekið undanskilin reglum 4. gr. en einstakir starfsmenn þeirra geta hins vegar borið skyldur samkvæmt ákvæðinu.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um annað en að samskipti heilbrigðisráðherra og heilbrigðisráðuneytis við hagsmunaverði hafi verið skráð í málaskrá ráðuneytisins í samræmi við ákvæði framangreindra laga. Þá má finna upplýsingar um fundi heilbrigðisráðherra með hagsmunavörðum í yfirliti yfir fundi ráðherra í opnum dagbókum.

2. *Hefur ráðuneytið ávallt gætt þess að kanna hvort hagsmunaverðir, sem ráðuneytið eða ráðherra á hverjum tíma hafa átt samskipti við frá 1. janúar 2021, hafi verið tilkynntir og skráðir skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 64/2020 áður en þeir leituðust við að hafa áhrif á störf stjórnvalda?*

Í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 64/2020 er mælt fyrir um tilkynningarskyldu hagsmunavarða, þ.e. einstaklinga sem tala máli hagsmunaaðila gagnvart stjórnvöldum í atvinnuskyni. Samkvæmt ákvæðinu er hagsmunaverði skylt að tilkynna um sig og hlutverk sitt áður en hann leitast við að hafa áhrif á störf stjórnvalda fyrir hönd einkaaðila. Af 7. gr. laganna leiðir að tilkynningu er rétt að beina til forsætisráðuneytisins sem heldur skrá yfir þær en berist tilkynning til annars opinbers aðila, t.d. þess sem ætlunin er að hafa áhrif á, er rétt að framsenda hana til forsætisráðuneytis. Tilkynningin getur bæði lotið að því að hagsmunavörður gæti hagsmuna tiltekens einkaaðila í tilteknu, afmörkuðu og fyrirliggjandi máli og að því að stöðu sinnar vegna gæti hagsmunavörður hagsmuna einkaaðilans í samskiptum sínum við stjórnvöld.

Í skýringum við ákvæði 3. mgr. 4. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 64/2020 segir eftirfarandi:

„Markmið ákvæðisins er fyrst og fremst að í samskiptum hagsmunavarða annars vegar og handhafa framkvæmdarvalds hins vegar liggi fyrir að þeir fyrrnefndu séu að gæta ákveðinna einkahagsmuna, fyrir hönd annarra, gagnvart þeim síðarnefndu. Ákvæðið á því ekki við þegar einstaklingar gæta opinberra hagsmuna í samskiptum við aðra opinbera aðila, svo sem í samskiptum forstöðumanna ríkisstofnana við fagráðuneyti. Þá á ákvæðið heldur ekki við þegar einstaklingar gæta eigin hagsmuna gagnvart hinu opinbera. Til að mynda þarf fyrirsvarsmaður lögaðila, t.d. framkvæmdastjóri fyrirtækis, ekki að senda sérstaka tilkynningu um að hann gæti hagsmuna þess í samskiptum sínum við stjórnvöld. Annað gildir ef fyrirtækið ræður til sín á eigin kostnað einstakling sem hefur það hlutverk að hafa áhrif á störf stjórnvalda í þágu fyrirtækisins, hvort sem um er að ræða störf samkvæmt verksamningi eða ráðningarsamningi. Samkvæmt framangreindu er ljóst að tilkynningarskyldan mun einkum ná til svonefndra almannatengla, upplýsingafulltrúa einkaaðila og lögmanna, sbr. þó 4. mgr., og til einstakra starfsmanna lögaðila og fulltrúa hagsmunasamtaka sem hafa slíka og sambærilega starfsemi með höndum.“

Þá er lögaðilum og félagasamtökum, samkvæmt sömu málsgrein, heimilt að senda tilkynningu um einstaklinga sem sinna hagsmunagæslu í umboði þeirra og skal tilgreina eftirfarandi:

- a. nafn og kennitölu hagsmunavarðar,
- b. vinnuveitanda og starfsstöð,
- c. hlutverk, þ.e. fyrir hönd hvaða aðila hagsmunavörður kemur fram og helstu hagsmuni þeirra; taka skal fram hvort hlutverkið er viðvarandi eða tilfallandi og hvenær gert er ráð fyrir að því ljúki.

Einnig skal hagsmunavörður, samkvæmt 4. mgr. 4. gr., tilkynna um þegar hann sinnir ekki lengur hagsmunagæslu. Þá er kveðið á um það í 5. mgr. greinarinnar að þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. sé hagsmunavörður ekki skylt að tilkynna um sig og hlutverk sitt vegna meðferðar

mála á grundvelli stjórnsýslulaga. Samkvæmt framangreindu er það í höndum hagsmunavarða að tilkynna um hlutverk sitt áður en þeir leitast við að hafa áhrif á störf stjórnvalda.

Í lögum nr. 64/2020 er ekki gert ráð fyrir því að það hafi afleiðingar fyrir þá sem sinna hagsmunagæslu tilkynni þeir sig ekki sem hagsmunaverði. Markmið ákvæða laganna um tilkynningarskyldu hagsmunavarða og skráningu samskipta við þá er fyrst og fremst að auka gagnsæi um samskiptin. Komi einstaklingur fram sem hagsmunavörður gagnvart stjórnvöldum án þess að hafa tilkynnt um hlutverk sitt væri hins vegar rétt af stjórnvaldi að benda á tilkynningarskyldu þar um, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ekki hefur hingað til verið kannað kerfisbundið hvort þeir sem ráðherra eða ráðuneyti eiga í samskiptum við hafi verið tilkynntir eða skráðir samkvæmt lögum nr. 64/2020.

3. *Hefur ráðherra eða ráðuneytið í einhverjum tilfellum frá 1. janúar 2021 átt samskipti við aðila sem sinna hagsmunagæslu en höfðu ekki verið tilkynntir og skráðir sem hagsmunaverðir skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 64/2020 þegar samskiptin fóru fram? Efsvo er, í hvaða tilfellum og hvers vegna?*

Opin dagbók ráðherra ber vott um samskipti við aðila sem sinna hagsmunagæslu af einhverju tagi. Reglulega á heilbrigðisráðherra og starfsfólk ráðuneytisins samskipti við aðila sem sinna hagsmunagæslu af einhverju tagi. Má í þessu samhengi nefna þau tilvik þegar mál er varðar hagsmunaaðila eru birt í samráðsgátt stjórnvalda og hagsmunaaðilum er boðið frekara samtal í tengslum við afstöðu sína í tilteknu máli.

Við vinnslu svars við fyrirspurn þingmanns var kannað hvaða samskipti hafa verið skráð sem samskipti við hagsmunaverði sem hafa tilkynnt um það hlutverk sitt. Ekki liggja fyrir samanteknar upplýsingar um samskipti við aðila sem sinna hagsmunagæslu en höfðu ekki verið tilkynntir og skráðir sem hagsmunaverðir skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 64/2020 þegar samskiptin fóru fram, jafnvel þótt þeim kunni að hafa verið það skylt. Sömu reglur gilda eftir sem áður um skráningu samskipta við slíka aðila óháð því hvort þeir hafi tilkynnt um sig og hlutverk sitt. Þannig var það ekki tilgangur laga nr. 64/2020 að leggja aukna skráningarskyldu á stjórnvöld um samskipti við skráða hagsmunaaðila miðað við það sem almennt gildir um skráningu samskipta.

4. *Hvaða hagsmunaverði í skilningi laga nr. 64/2020 hefur ráðherra eða ráðuneytið átt samskipti við frá gildistöku laganna, hvenær, afhálfu hvaða aðila og um hvaða málefni?*

Í eftirfarandi töflu eru öll samskipti sem ráðherra eða ráðuneytið hafa átt við skráða hagsmunaaðila frá 1. janúar 2021 til loka febrúar árið 2022.

Dagsetning	Hagsmunasamtök	Hagsmunavörður	Efni
14.1.2021	Samtök iðnaðarins	Lárus M.K. Ólafsson	Covid-19 - Forgangsröðun á bóluasetningu
14.1.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Covid-19 - Beiðni um undanþágu - Fjöldatakmörkanir - Vinnustaður
17.1.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Stjórnsýslukæra - Lyfjamál
19.1.2021	Samtök iðnaðarins	Lárus M.K. Ólafsson	Covid-19 - Forgangsröðun á bóluasetningu
20.1.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Beiðni um breytingu á lögum og reglugerðum varðandi vörur sem innihalda CBD
21.1.2021	Lífsvirðing, félag um dánaraðstoð	Ingrid Kuhlman	Beiðni um fund með heilbrigðisráðherra

21.1.2021	Samtök iðnaðarins	Lárus M.K. Ólafsson	Covid-19 - Forgangsröðun á bóluasetningu
21.1.2021	Þroskahjálþ	Bryndís Snæbjörnsdóttir	Covid-19 - Forgangsröðun bóluasetninga
28.1.2021	Samtök ferðapjónustunnar	Jóhannes Þór Skúlason	Covid-19 - Tillaga að framkvæmd ferðapjónustu í smitgát
28.1.2021	Samtök iðnaðarins	Lárus M.K. Ólafsson	Covid-19 - Forgangsröðun á bóluasetningu
29.1.2021	Samtök iðnaðarins	Lárus M.K. Ólafsson	Covid-19 - Forgangsröðun á bóluasetningu
29.1.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Sara Dögg Svanhildardóttir	Samráðgátt - Rafrettur
3.2.2021	Samtök iðnaðarins	Lárus M.K. Ólafsson	Covid-19 - Forgangsröðun á bóluasetningu
8.2.2021	Samtök ferðapjónustunnar	Jóhannes Þór Skúlason	Covid-19 - Tillaga að framkvæmd ferðapjónustu í smitgát
8.2.2021	ÖBÍ	Lilja Þorgeirsdóttir	Starfshópur um heildarendurskoðun á eftirlitsákvæðum laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu - Skipun
9.2.2021	Samtök ferðapjónustunnar	Jóhannes Þór Skúlason	Covid-19 - Tillaga að framkvæmd ferðapjónustu í smitgát
9.2.2021	ÖBÍ	Lilja Þorgeirsdóttir	Starfshópur um heildarendurskoðun á eftirlitsákvæðum laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu - Skipun
10.2.2021	Lífsvirðing, félag um dánaraðstoð	Bjarni Jónsson	Grein um dánaraðstoð
15.2.2021	Samtök ferðapjónustunnar	Jóhannes Þór Skúlason	Covid-19 - Tillaga að framkvæmd ferðapjónustu í smitgát
16.2.2021	Samtök ferðapjónustunnar	Jóhannes Þór Skúlason	Covid-19 - Tillaga að framkvæmd ferðapjónustu í smitgát
17.2.2021	Samtök ferðapjónustunnar	Jóhannes Þór Skúlason	Covid-19 - Tillaga að framkvæmd ferðapjónustu í smitgát
18.2.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Beiðni um breytingu á lögum og reglugerðum varðandi vörur sem innihalda CBD
18.2.2021	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Hrefna Karlsdóttir	Umsókn um notkun skyndigreiningarprófs
24.2.2021	ÖBÍ	Stefán Vilbergsson	Boð til heilbrigðisráðherra - Málþing um niðurgreiðslu og aðgengi að sálfræðipjónustu
26.2.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Beiðni um breytingu á lögum og reglugerðum varðandi vörur sem innihalda CBD
1.3.2021	ÖBÍ	Lilja Þorgeirsdóttir	Starfshópur um heildarendurskoðun á eftirlitsákvæðum laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu - Skipun
2.3.2021	Lífsvirðing, félag um dánaraðstoð	Ingrid Kuhlman, Hrefna Guðmundsdóttir	Fundur með starfsmönnum HRN
3.3.2021	Lífsvirðing, félag um dánaraðstoð	Ingrid Kuhlman	Gögn frá Lífsvirðingu
9.3.2021	ÖBÍ	Lilja Þorgeirsdóttir	Starfshópur um heildarendurskoðun á eftirlitsákvæðum laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu - Skipun
12.3.2021	Þroskahjálþ	Anna Lára Steindal	Barnalög - Skipt búseta og fötluð börn
17.3.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Boð til heilbrigðisráðherra - Stafræn þróun

18.3.2021	Félag atvinnurekenda	Ólafur Stephensen	Beiðni um fund - Lyfjamál
19.3.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Athugasemd við reglugerð
22.3.2021	Félag atvinnurekenda	Ólafur Stephensen	Beiðni um fund - Lyfjamál
23.3.2021	Félag atvinnurekenda	Ólafur Stephensen	Beiðni um fund - Lyfjamál
23.3.2021	ÖBÍ	Lilja Þorgeirsdóttir	Starfshópur um heildarendurskoðun á eftirlitsákvæðum laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu - Skipun
24.3.2021	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Hrefna Karlsdóttir	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi reglugerð - Kerfislega og efnahagslega mikilvæg fyrirtæki
24.3.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Andrés Magnússon	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi reglugerð - Lyfjaverslanir og matvöruverslanir
25.3.2021	Félag atvinnurekenda	Ólafur Stephensen	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi reglugerð - Fræðslufyrirtæki
25.3.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Ágúst Elvar Bjarnason	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi sóttvarnarráðstafanir - Farþegaferjur
26.3.2021	Samtök iðnaðarins	Björg Ásta Þórðardóttir	Fyrirspurn um reglugerð, leysa, leysibendla og IPL-tæki
26.3.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Andrés Magnússon	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi reglugerð - Lyfjaverslanir og matvöruverslanir
29.3.2021	Samtök iðnaðarins	Björg Ásta Þórðardóttir	Covid-19 - Fyrirspurnir varðandi dvöl í sóttvarnarhúsi
30.3.2021	Samtök iðnaðarins	Gunnar Sigurðsson	Covid-19 - Beiðni um undanþágu - Fjöldatakmarkanir
30.3.2021	Samtök iðnaðarins	Björg Ásta Þórðardóttir	Covid-19 - Fyrirspurnir varðandi dvöl í sóttvarnarhúsi
31.3.2021	Samtök iðnaðarins	Björg Ásta Þórðardóttir	Covid-19 - Fyrirspurnir varðandi dvöl í sóttvarnarhúsi
3.4.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Jóhannes Þór Skúlason	Covid-19 - Beiðni um túlkun ráðuneytis - Ferðaþjónusta
6.4.2021	Samtök iðnaðarins	Björg Ásta Þórðardóttir	Fyrirspurn um reglugerð, leysa, leysibendla og IPL-tækja
9.4.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Greiðsluþátttaka í lyfjakostnaði
9.4.2021	Samtök iðnaðarins	Jóhanna Sigurjónsdóttir	Covid-19 - Forgangsröðun bólusetninga
9.4.2021	Proskahjálpi	Bryndís Snæbjörnsdóttir	Covid-19 - Forgangsröðun bólusetninga
12.4.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Samráðsgátt - Lyfjamál
12.4.2021	Frumtök - Samtök framleiðenda fúmlyfja	Jakob Falur Garðarsson	Samráðsgátt - Lyfjamál
12.4.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Samráðsgátt - Lyfjamál
14.4.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Jóhannes Þór Skúlason	Covid-19 - Beiðni um undanþágu - Fjöldatakmarkanir
14.4.2021	Samtök iðnaðarins	Jóhanna Sigurjónsdóttir	Covid-19 - Forgangsröðun bólusetninga
19.4.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Andrés Magnússon	Starfsleyfi lyfjafræðinga
19.4.2021	ÖBÍ	Stefán Vilbergsson	Boð til heilbrigðisráðherra - Málþing um niðurgreiðslu og aðgengi að sálfræðiþjónustu
20.4.2021	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Sigurgeir Bárðarson	Covid-19 - Forgangsröðun bólusetninga
20.4.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Andrés Magnússon	Starfsleyfi lyfjafræðinga
23.4.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Jóhannes Þór Skúlason	Covid-19 - Beiðni um undanþágu - Fjöldatakmarkanir
26.4.2021	Samtök atvinnulífsins	Sólveig B. Gunnarsdóttir	Beiðni um fund

28.4.2021	ÖBÍ	Stefán Vilbergsson	Umsögn um reglugerð um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem starfa án samnings við SI
29.4.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Athugasemd við reglugerð
5.5.2021	Hagsmunasamtök heimilanna	Guðmundur Ásgeirsson	Askorun til ríkisstjórnarinnar
5.5.2021	Samtök iðnaðarins	Björg Ásta Þórðardóttir	Fyrirspurn um reglugerð, leysa, leysibendla og IPL-tækja
10.5.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Samráðsgátt - Lækningatæki
12.5.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Baldur Sigmundsson	Covid-19 - Túlkun á reglugerð - Veitingastaðir
17.5.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Andrés Magnússon	Starfsleyfi lyfjafræðinga
19.5.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Andrés Magnússon	Starfsleyfi lyfjafræðinga
19.5.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Andrés Magnússon	Lyfjamál
19.5.2021	Þroskahjálp	Bryndís Snæbjörnsdóttir	Stefnumörkun - áfengis- og vímuefnaeðferð
20.5.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Samráðsgátt - Lækningatæki
28.5.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Starfsleyfi heilbrigðisstarfsmanna - Vitnisburður um námslok
2.6.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Andrés Magnússon	Starfsleyfi lyfjafræðinga
10.6.2021	ÖBÍ	Stefán Vilbergsson	Fundur með starfsfólki HRN - Réttindi fatlaðs fólks
16.6.2021	ÖBÍ	obi@obi.is	Samráðsgátt - Reglugerð um styrki vegna hjálpartækja
18.6.2021	Þroskahjálp	Bryndís Snæbjörnsdóttir	Stefnumörkun - áfengis- og vímuefnaeðferð
22.6.2021	ÖBÍ	Jón Þór Víglundsson	Samráðsgátt - Reglugerð um styrki vegna hjálpartækja
25.6.2021	Þroskahjálp	Bryndís Snæbjörnsdóttir	Geðheilsuteymi fyrir fólk með þroskaröskun og geðheilsuvanda
28.6.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Ágúst Elvar Bjarnason	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi reglugerð - Börn og landamæri
29.6.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Ágúst Elvar Bjarnason	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi reglugerð - Börn og landamæri
2.7.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Andrés Magnússon	Lyfjamál - Fundur með starfsmönnum - Smásala
5.7.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Samráðsgátt - Reglugerð um styrki vegna hjálpartækja
5.7.2021	ÖBÍ	Puríður Harpa Sigurðardóttir	Stefnumörkun - áfengis- og vímuefnaeðferð
6.7.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Ágúst Elvar Bjarnason	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi reglugerð - Börn og landamæri
13.7.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Samráðsgátt - Reglugerð um styrki vegna hjálpartækja
4.8.2021	Félag atvinnurekenda	Ólafur Stephensen	Beiðni um fund - Sóttkví bólusettra samstarfsmanna
5.8.2021	Félag atvinnurekenda	Ólafur Stephensen	Covid-19 - Umsókn um leyfi til innflutnings á hraðprófi
19.8.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi innflutning á hraðprófum
20.8.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Notkun skyndigreiningarprófa
20.8.2021	Samtök iðnaðarins	Steinunn Pálmadóttir	Fyrirspurn um reglugerð, leysa, leysibendla og IPL-tækja
30.8.2021	Þroskahjálp	Árni Múli Jónasson	Umsögn - Stefnumörkun í öldrunarþjónustu
1.9.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Ágúst Elvar Bjarnason	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi sóttvarnareglur - Landamæri
3.9.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Ágúst Elvar Bjarnason	Covid-19 - Beiðni um fund varðandi samkomutakmarkanir

5.9.2021	Samtök ferðapjónustunnar	Ágúst Elvar Bjarnason	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi sóttvarmarreglur - Landamæri
30.9.2021	Samtök atvinnulífsins	Halldór Benjamín Þorbergsson	Starfshópur varðandi reglugerð um bótaskyldan atvinnusjúkdóm
11.10.2021	Þroskahjálp	Grímur Atlason	Beiðni um fund - Þjónusta við ákveðinn sjúklingahóp
13.10.2021	Samtök iðnaðarins	Steinunn Pálmadóttir	Fyrirspurn um reglugerð, leysa, leysibendla og IPL-tækja
26.10.2021	Samtök iðnaðarins	Lárus M.K. Ólafsson	Fyrirspurn um reglugerð, leysa, leysibendla og IPL-tækja
27.10.2021	Þroskahjálp	Haraldur Civelek	Styrkur af safnliðum fjárlaga 2022
28.10.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Samráðsgátt - Beiðni um aðgang að umsögn
29.10.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Samráðsgátt - Beiðni um aðgang að umsögn
1.11.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Samráðsgátt - Beiðni um aðgang að umsögn
2.11.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Samráðsgátt - Beiðni um aðgang að umsögn
2.11.2021	Þroskahjálp	Unnur Helga Óttarsdóttir	Beiðni um fund - Geðheilbrigðisþjónusta fyrir fólk með þroskahömlun og einhverfu
4.11.2021	Samtök ferðapjónustunnar	Jóhannes Þór Skúlason	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi tölfraði - Landamæri - Erlendir bólusettir ferðamenn
5.11.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi reglugerð - Grímuskylða
8.11.2021	Samtök ferðapjónustunnar	Jóhannes Þór Skúlason	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi tölfraði - Landamæri - Erlendir bólusettir ferðamenn
8.11.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Samráðsgátt - Beiðni um aðgang að umsögn
9.11.2021	Samtök ferðapjónustunnar	Jóhannes Þór Skúlason	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi tölfraði - Landamæri - Erlendir bólusettir ferðamenn
10.11.2021	Samtök ferðapjónustunnar	Jóhannes Þór Skúlason	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi tölfraði - Landamæri - Erlendir bólusettir ferðamenn
12.11.2021	Samtök atvinnulífsins	Jón Rúnar Pálsson	Starfshópur varðandi reglugerð um bótaskyldan atvinnusjúkdóm
12.11.2021	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Hrefna Karlsdóttir	Covid-19 - Beiðni um undanþágu - Kerfislega og efnahagslega mikilvæg fyrirtæki
22.11.2021	Félag atvinnurekenda	Ólafur Stephensen	Stjórnsýslukæra - Lyfjamál
29.11.2021	Frumtök - Samtök framleiðenda fumlyfja	Jakob Falur Garðarsson	Viðtal við heilbrigðisráðherra - Útgjöld til lyfjamála
8.12.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Stjórnsýslukæra - Lyfjamál
10.12.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Starfshópur - Rafrettur
14.12.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Starfshópur - Rafrettur
17.12.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Starfshópur - Rafrettur
17.12.2021	Lífsvirðing, félag um dánaraðstoð	Ingrid Kuhlman	Beiðni um fund með heilbrigðisráðherra
27.12.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Stjórnsýslukæra - Lyfjamál
4.1.2022	ÖBI	Stefán Vilbergsson	Viðtal við heilbrigðisráðherra - Greiðsluþáttaka í heilbrigðisþjónustu
5.1.2022	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Hrefna Karlsdóttir	Covid-19 - Einangrun og sóttkví um borð í skipi
6.1.2022	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Hrefna Karlsdóttir	Covid-19 - Einangrun og sóttkví um borð í skipi

10.1.2022	Lífsvirðing, félag um dánaraðstoð	Bjarni Jónsson	Tilkynning um fund
14.1.2022	Samtök iðnaðarins	Gunnar Sigurðsson	Covid-19 - Fyrirspurn varðandi virkjun undanþágulista og undanþágubeiðni
17.1.2022	ÖBÍ	Stefán Vilbergsson	Viðtal við heilbrigðisráðherra - Greiðsluþátttaka í heilbrigðisþjónustu
18.1.2022	Félag atvinnurekenda	Ólafur Stephensen	Sóttvarnarráðstafanir
19.1.2022	Samtök verslunar og þjónustu	Andrés Magnússon	Viðtal við heilbrigðisráðherra - Staða apótekanna
21.1.2022	ÖBÍ	Stefán Vilbergsson	Viðtal við heilbrigðisráðherra - Greiðsluþátttaka í heilbrigðisþjónustu
9.2.2022	Samtök verslunar og þjónustu	Andrés Magnússon	Viðtal við heilbrigðisráðherra - Staða apótekanna
10.2.2022	Samtök verslunar og þjónustu	Andrés Magnússon	Viðtal við heilbrigðisráðherra - Staða apótekanna
11.2.2022	ÖBÍ	Þuríður Harpa Sigurðardóttir	Viðtal við heilbrigðisráðherra - Greiðsluþátttaka í heilbrigðisþjónustu
14.2.2022	ÖBÍ	Valdís Ösp Árnadóttir	Boð til heilbrigðisráðherra - Ávarp
16.2.2022	Viðskiptaráð Íslands	Jón Birgir Eiríksson	Samráðsgátt - Sóttvarnalög
16.2.2022	ÖBÍ	Stefán Vilbergsson	Viðtal við heilbrigðisráðherra - Greiðsluþátttaka í heilbrigðisþjónustu
17.2.2022	Viðskiptaráð Íslands	Jón Birgir Eiríksson	Samráðsgátt - Sóttvarnalög
22.2.2022	Samtök atvinnulífsins	Heiðrún Björk Gísladóttir	Samráðsgátt - Sóttvarnalög
1.3.2022	Þroskahjálp	Jón Múli Jónasson	Samráðsgátt - Sjúkraskrár
2.3.2022	ÖBÍ	Valdís Ösp Árnadóttir	Boð til heilbrigðisráðherra - Ávarp
16.3.2021	Viðskiptaráð Íslands	Agla Eir Vilhjálmsdóttir	Breyting á reglugerð nr. 740/2020 um lyfjaávisanir og afhendingu lyfja